

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson  
Hæstaréttarlögmaður  
Reykjavík  
1971

Ríkissaksóknari  
Hverfisgötu 6  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2013.

**Efni: Kæra á hendur Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu vegna ólögmætrar rannsóknaraðgerðar.**

Undirritaður lögmaður gætir hagsmunu Almitra ehf., kt., 580213-0730, Stórhöfða 17, Reykjavík sem er rekstraraðili veitingahússins Home/VIP club, Austurstræti 12a, Reykjavík, en fyrirsvarsmaður félagsins hefur falið mér að leggja fram kæru á hendur embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir ólögmæta rannsóknaraðgerð með notkun tálbeita og húsbröt.


Samkvæmt lögregluskyrslu dags. 11. október 2013, sendi Lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu 5 lögreglumenn (tálbeitur) á veitingahús umbjóðanda míns í því skyni að kaupa vændi. Það er skemmt frá því að segja að enginn umræddra lögreglumanna hafði erindi sem erfiði þrátt fyrir að hafa samkvæmt starfsfólki staðarins borið bæði fé og eiturlýf (kókain) á starfsfólkið gegn kynlífspjónustu auk þess sem lögreglan eyddi krónum 800.000,- í kaup á kampavíni og samverstundir með starfsfólki.

Tálbeituaðgerð þessi felur í sér brot á 70. og 71. gr. stjórnarskrár, 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, og 2. mgr. 2. gr., 1. ., 2. og 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. reglna um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála nr. 516/2011, frá 20. maí 2011 (hér eftir nefndar reglurnar), sbr. 89. gr. laga nr. 88/2008.

Ástæðan fyrir aðgerðinni var umsókn umbjóðanda míns um rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007, en ekki grunur um refsiverða háttsemi. Tilgangurinn með aðgerðinni var því ólögmætur sbr. 2. ml. 1. mgr. 2. gr. reglnanna. Þá beindist aðgerðin að starfsfólki veitingahússins, þ.e. verið var að reyna að lokka starfsfólkið til þess að selja vændi, sem er refsilaust samkvæmt íslenskum lögum. Aðgerðin uppfyllti því ekki skilyrði 1. tl. 1. mgr. reglnanna. Þá var með reglunum verið að reyna að kalla fram refsiverða háttsemi sem annars hefði ekki átt sér stað og eftir atvikum gera umbjóðanda minn ábyrgan fyrir háttseminni, sem er brot á 1. ml. 2. mgr. 3. gr. reglnanna.

Þess er krafist að þeir starfsmenn Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem bera ábyrgð á ofangreindri aðgerð verði refsaoð lögum samkvæmt. Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari rökstuðningi og leggja fram bótkröfu á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Sent sem viðhengi með tölvuskeyti/Frumrit póstlagt.